

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Nordurámtinu og Austur-  
ámtinu um flutning þingstaðar Fellahrepps.** Samkvæmt tillögum yðar,  
herra amtmaður, í brjefi yðar, dagsettu 14. f. m., meðmælum hlutadeigandi sýslu-  
manns og beiðni hreppsnefndarinnar í Fellahreppi í Nordurmúlasýslu, vil jeg hjer-  
med veita samþykki mitt til þess að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur að  
Medalnesi með því skilyrði, að hreppsnefndin alnist um að tilverði hæflegt  
hús til þinghalda á hinum nýja þingstað.

Þetta er yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari birtingar.

**Brjef landshöfðingja til amtmannanna beggja um skrásetning- 124  
arstofu fyrir kaupmála hjóna,** Samkvæmt 9. gr. í lögum 12. janúar 29. nóvbr.  
1900 um fjármál hjóna hefi jeg kveðið svo á um, að á afgreiðslustofu minni  
skuli haldin skrá yfir alla kaupmála hjóna, sem þinglesnir eru.

Því skal jeg beiðast þess að þjer, herra amtmaður, leggið fyrir sýslumenn  
og bæjarfógeta í ömtum yðar, að senda skrifstofu þessari skýrslur um kaup-  
mála hjóna eptir því sem nefnd lagagrein segir fyrir um, nú þegar um kaup-  
mála þá, er þinglesnir hafa verið eptir að nefnd lög komu í gildi.

**Brjef landshöfðingja til biskups um niðurlagning Kaldadár- 125  
neskirkju.** — Eptir móttöku brjefs yðar, háæruverðugi herra, dag- 13. desbr.  
setts 9. þ. m., hefi jeg samkvæmt 4. gr. laga 27. febrúar 1880, um skipun  
prestakalla og að yðar ráði staðfest þá ákvörðun hlutadeigandi safnaðar, er  
hjeradsfundur Árneshófastsdæmis hefir samþykkt, að Kaldadarneskirkja verði  
lögð niður, þannig að sjóður kirkjunnar og kirkjuhúsið með ornamentis og instru-  
mentis leggist til Eyrarbakka og Stokkseyrarkirkna, en Kaldadarnessókn skipt-  
ist þannig, að til Eyrarbyggðar leggist bæirnir Kotferja, Kaldadarnes  
með hjáleigum, Kálfhagi og Flóagafi með hjáleigum, en til Stokkseyrarsóknar  
leggist Stóra Sandvík með hjáleigunni Stekkjum, Litla Sandvík og Eyðisandvík  
með hjáleigunni Geirakoti.

Þrátt fyrir niðurlagning kirkjunnar er óskertur rjettur prestsins í Stokks-  
eyrarprestakalli til prestsmötu af Kaldadarnesi.

Þetta er yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari birtingar.